

Kæru nemendur,

Nú er sumarfríð að klárast og skólabyrjun handan við hornið. Við erum full tilhlökkunar að taka á móti ykkur og vonum að þið séuð tilbúin að takast á við veturinn. Við bjóðum 8. bekk hjartanlega velkominn í þennan flotta hóp okkar í Úllónolló.

Breytingar hafa orðið á kennarateyminu og hefur nýtt starfsfólk tekið til starfa. Í kennarateymið hafa bæst þau Axel, Erla, Sigríður Alma og Sölvi. Þá verður Arnar Snær í félagsráðgjöf og þau Alex Nökkvi, Elín Arna og Filippía Huld koma inn sem nýir stuðningsfulltrúar og við hlökkum til samstarfsins.

Á skólaárinu verður nóg að gera og mörg spennandi verkefni framundan. Við munum kynna fyrir nemendum og foreldrum fyrirkomulag og kennsluhætti á námskynningu í haust. Nánar auglýst síðar.

Reykjavíkurborg útvegar ritföng til notkunar í skólanum en öll þurfa að eiga ritföng heima við. Í upphafi skólaárs fá nemendur afhentan ípad og viljum við minna á að hann er vinnutæki og þarf alltaf að vera með í för og fullhlaðinn. Nemendur eiga að mæta með heyrnartól í skólann en hluti af námsefninu er hljóð- og myndefni.

Sundkennsla verður á mánudögum og mun 9. bekkur byrja, hann verður í sundi út haustönnina en þá tekur 8. bekkur við og verður í sundi á vorönninni. Íþróttir verða kenndar á fimmtudögum og listir verða á mánudögum.

Skólasetning verður á skólalóðinni fimmtudaginn 22. ágúst kl. 16:15. Samhliða skólasetningunni verður hátíð á vegum foreldrafélagsins þar sem vorhátíðin féll niður vegna veðurs síðastliðið vor.

Föstudaginn 23. ágúst kl. 9:10 hefst skólinn samkvæmt stundaskrá.

Bestu kveðjur,  
Úllónolló teymið



Frá vinstri fremst: Axel, Sölvi, Erla, Hafdís, Þórey Arna, Ástrós og Steinunn  
Frá vinstri aftari röð: Rut, Heiða, Stefán, Ragnheiður, Arnar, Lilja Guðrún, Guðrún, Kristín Lóa og Fanneý. Á myndina vantar Ragnar og Sigríði.